

kyngdi niður snjó og var færið því nokkuð þungt.

Þegar komið er undir Tungnafellsjökul var orðið mjög blint og þar sem leiðin er giljótt mjög var ákveðið að gista þar um nóttina. Voru þeir þá staddir á hverasvæði og þar rákust félagarnir á íshelli. Eihvers staðar neðar undir snjónum var hver og hefði gufan frá honum brætt snjóinn og myndað helli. Var þá ákveðið að íshellirinn yrði næturstaður þessa nóttina.

— Í hellinum hefur hitinn sennilega verið yfir frostmarki þrátt fyrir hörkufrost úti. Þá var einnig sáemilega rúmt við að borða sem er ólíkt því í tjöldunum. Þó gerði rakinn í hellinum sem var mikill okkur erfitt um vik. Útbúnaðurinn blotnaði, en þar sem við vissum hversu nærri við vorum skálanum í Jökuldal kom það ekki að sök.

### VEÐURTEPPTIR Í JÖKULDAL

Næsta dag var haldið í Jökuldal og voru göngugarparnir komnir í skálann um kl. 4. Þegar komið var í Jökuldal í glaða sólskini en +20°C var ferðin nálega hálfnuð samkvæmt upphaflegri áætlun. Það var nú þegar ljóst að ferðin drægist nokkuð og því þegar farið að minnka matarskammtinn.

—Fegurðin í Jökuldal er slík, segir Rúnar, að ferðin borgar sig eingöngu til þess að sjá hana þó ekki kæmi annað til. Það er fyllilega þess virði að labba þetta allt til þess eins að sjá Jökuldalinn.

Daginn eftir var enn dvalið í skálanum og dytt að útbúnaði. Voru svefnpokarnir eins og klakaköggjar eftir nóttina í íshellinum þar sem þeir höfðu blotnað mikið. Þá var einnig reynt að gera við tjöld, skíði, snjóbotur og annað sem þurfti að lagfæra. Um kvöldið var allt tilbúið til að leggja af stað í birtingu en þá var komið afleitt veður. Sexmenningarnir voru því veðurtepptir í Jökuldal einn dag. Veðurspáin var líka óhagsstæð og var því áætluninni breytt. Hafði upphaflega verið gert ráð fyrir að ganga yfir Hofsjökul en í slæmu veðri var tjöldunum ekki treystandi á jökulinn. Því var ákveðið að fara norður fyrir Hofsjökul.

Þennan dag var lítið við að vera. Urðu menn að láta nægja neyðarfæðir sem er hugsað sem varabirgðir og því minni skammtar. Gátu sumir spilað yfir daginn því spil voru með í farangrinum. Þá var ein bók með almanak fyrir árið 1976. Elli sat lengi með bókina og gat frætt félagana um hvenær háflóð á Ísafirði, eða hvenær sól kæmi upp á Hornafirði eða annað álfka nýtsamlegt.

Um kvöldið var allt tilbúið til að leggja í 'ann. Um nóttina gekk veðrið niður og var lagt af stað í logni og heiðrfkju um morguninn. Var nú stefnt í norður að Laugarfelli.

### BETRI HLÍÐ „SKÍTKOKKSINS“

— Þennan dag gengum við eins og kraftarnir leyfðu, sögðu sexmenningarnir. Áætlunin var líka ströng því við ætluðum að ganga um 40 km þennan dag og veðurspáin slæm. Færið var líka mjög gott og vorum við komnir í skálann í Laugafelli um kl. 2. Er það örugglega mesti meðalhraði sem við náðum í ferðinni, nærri 6 km/klst.

— Það stóð líka á endum að Framhald á bls. 47



Þetta mun vera leiðangursstjórnin Rúnar Norquist þó ekki sé tekin frekari ábyrgð á því. Ef sólskin var urðu sexmenningarnir að bera slíkar grímur til varnar sólbryna.



Steini, Þorsteinn Guðjónsson



Þór Ægisson nýliðinn í hönnum



Jóhannes Ellert Guðlaugsson.



Arngrímur Hermannsson.

Myndir: Hjalti Sigurðsson.



## NÁMSKEIÐ Í ALÞJÓÐLEGUM HESTAMANNA-ÍPRÓTTUM

Í tilefni af stofnun deildar innan Fáks í alþjóðlegum hestamannaíþróttum hefur verið ákveðið að efna til kvöldnámskeiðs í:

1. Í hindrunarstökki, kennari Friðbjófur Þorkelsson. Námskeiðið hefst n.k. þriðjud. 11. maí. Þátttakendur mæti kl. 21 við tanningsgerði Fáks að Vöðvöllum.
2. Í hlýðniþjálfun (dresseur), kennari Margrét Jónsdóttir. Þetta námskeið hefst væntanlega mánud. þann 17. maí.

Gert er ráð fyrir að keppa í báðum þessum greinum á kappreiðum Fáks á annan í Hvítasunnu þ. 7. júní.

Verðlaun verða veitt í 3 efstu sætin í hvorum flokki og auk þess verður keppt um fallegan farandbikar í hindrunarstökki.

Fáksfélagar eru kvattir til að taka þátt í þessum námskeiðum, en þátttaka tilk. á skrifst. Fáks, sem veitir nánari uppl. ásamt Hákonu Jóhannssyni, sími 10525.

Vorkappreiðar Fáks sunnud. 16. maí á skeiðvelli félagsins.

Væntanlegir þátttakendur eru minntir á að láta skrá hesta sína nú þegar á skrifst. Fáks. Skráningu líkur mánud. 10. maí kl. 17.



## Stórkostlegt hljómplötuúrval

America	—	Hideaway
Wings	—	Speed og Sounds
Leon & Mary Russell	—	Wedding Album
Nils Lofgren	—	Gry Hough
Steve Marriott	—	Marriott
Doobie Bros	—	Takin it to the Streets
Led Zeppelin	—	Presence
Genesis	—	Trick of the Tail
Sailor	—	Trouble
John Miles	—	Rebel
Michael Pinder	—	Promise
Status Quo	—	Blue for you
Jean-Luc	—	Ponty-Aurora
Joe Walsa	—	Argue with a sick Mind
Billy Gobham	—	Life & Times
Bill Wyman	—	Stone Alone
Nazareth	—	Close enough for Rock'n'Roll
Kiss	—	Destroyer
Wishbone Ash	—	Locked in
King Fish	—	Kingfish
Marvin Geye	—	I want you
Man	—	The well Connection
Three Dog Nitht	—	American Past Time
Neil Sedaka	—	Steppenout
Nektar	—	Rectcled
Bad Company	—	Run with the Pack
10cc	—	How Dare You
Buffy Saint Marie	—	Sweet America
David Bowie	—	Station to Station

### Póstsendum



Plotudeildir

Austurstræti 22 s 28155.

Laugaveg 66 —